

Salbjörg Engilbertsdóttir skrifstofustjóri

Febrúar-9.maí

Verkefni unnin:

- Farið yfir innheimtu v. 2021, klárað að rukka það sem á að rukka til annara sveitarfélaga m.a
- Afstemming og skil vegna launa, tekið saman fyrir endurskoðun
- Bókhald fært út 2021. Afstemmingar unnar og sent til uppgjörs
- Endurskoðun, skjöl og úrtök send til skoðunar
- Viðauki I sendur á eftirlitsnefnd til samþykktar og lagður fyrir fund. Viðauki II sendur á eftirlitsnefnd til samþykktar og lagður fyrir fund
- Samskipti reglulega við sveitarstjórn til að upplýsa um stöðu verkefna og dagleg samskipti við starfsmenn, viðskiptavini og þjónustuþega
- Sendi út svör eftir sveitarstjórnarfund og fylgdi málum eftir
- Fundir með forstöðumönnum og oddvita
- Skil á hreyfingarlistum til lánadrottna og viðskiptavina og köllun eftir því sama hjá lánadrottnum. Verktakmiðar sendir
- Auglýst eftir sumarstörfum og utanumhald og vinnsla kringum það. Fundir með forstöðumönnum
- Vann í samþykkt um gæluðyrhald í Strandabyggð og fundaði með Heilbrigðiseftirliti og ráðgjafa í Orku- og auðlindaráðuneyti vegna hennar. Lokaútgáfa komin í B-tíðindi
- Vinna að skilum fyrir Erasmusstyrk Ozon
- Námskeið í skjalavörslu hjá Starfsmennt
- Félagsheimili, tiltekt, skikk og pöntun á aðföngum
- Hljóðkerfi, unnið að sölu á eldra kerfi og skoðuð kaup á minna og einfaldara kerfi
- Auglýst eftir grenjaskyttu og umsjón með girðingum.
- Jafnlaunavottun, fundir með vottunaraðilum og kollega í Reykhólahreppi, unnið í skjölum og skipulagi. Forúttekt verður 12. Maí og vottunartúttekt 31.maí. Samantekt fyrir sveitarstjórn unnin fyrir fund
- Vinna með kjörnefnd, upplýsingar, auglýsingar og skipulag vegna sveitarstjórnarkosninga. Samskipti og reddingar v. Utankjörfundarkosninga
- Vinna með ráðgjöfum í starfsmannamálum og fleiru. Starfsmannaráðning og samningagerð
- Vinna fyrir Sorpsamlag v. skráningar og eftirlits. Skráning í Fyrirtækjaskrá kláruð 9.maí

Verkefni framundan:

- Reglugerð um búfjárhald og fleiri reglugerðir sem þarf að vinna skv. kröfum hins opinbera
- Samantekt upplýsinga fyrir nýja sveitarstjórn
- Sumarstörf, skipulag, ráðningarsamningar og fl.
- Jafnlaunavottun, ljúka vinnslu við reglur og skjöl. Forúttekt 12.maí og lokaúttekt 31.maí

Venjubundin verkefni á mínu borði og unnin eru dag, viku og eða mánaðarlega.

- Svörun fyrirspurna, upplýsingar til sveitarstjórnar og afgreiðsla mála sem tilheyra sveitarstjóra í samvinnu við sveitarstjórn.
- Afstemmingar launa og bókhalds og launatengdra gjalda. Launamiðum launþega skilað í janúar.
- Afstemmingar lánadrottna og verktakamiðum skilað í janúar/febrúar.
- Færsla innborgana og útgjalda og afstemmingar bankareikninga mánaðarlega.
- Afstemmingar og leiðréttingar á deildum ef þarf.
- Skil á aðalbók mánaðarlega til deildarstjóra, upplýsingagjöf og samskipti við þá.
- Vsk. uppgjör á tveggja mánaða fresti, afstemmingar og leiðréttingar.
- Samskipti og skil við stofnanir t.a.m Fjársýslu, Hagstofu, Skattstjóra og innheimtumenn ríkissjóðs.
- Uppgjör, ársreikningur og endurskoðunarvinna. Árlega í jan-maí.
- Launavinnsla og móttaka vinnuskýrsla og úrvinnsla þeirra. Greiðsla launa síðasta dag mánaðar.

Íþróttta- og tómstundafulltrúi

Íþróttamiðstöð – Tjaldsvæði – Ozon – Félagsstarf eldri borgara – Ungmennahús – Vinnuskóli –
Sumarnámskeið- Hamingjudagar

Hrafnhildur Skúladóttir

Fyrirhuguð verkefni:

- Hreinsun á tjaldsvæði
- Klára aðkomu að Ozon frá Jakobínutúni
- Lagning ljósleiðara í Íþróttamiðstöð og Félagsheimili

Verkefni í vinnslu:

- Endurbætur í Íþróttamiðstöð
 - Klára flísalögn
 - Pípulagnir og sturtur
- Skipulag sumarnámskeiða að klárst
- Skipulag vinnuskóla langt komið
- Skipulag Hamingjudaga vel á veg komið
- Skipulag Erasmusferðar til Ítalíu á lokametrinum

Verkefnum lokið

- Endurbætur
 - Allt gólfefni fjarlæggt af klefum og dúkur af gangi
 - Búið að múra aftur veggir sem skemmdust þegar gólfefni voru fjarlægð
 - Búið að leggja epoxy aftur á sturtugólf og fram að hurð að útisvæði
- Samtvinnun nýrra starfshátta í nýju sameinuðu starfi er lokið að mestu
- Gerð heildarstundarskrár fyrir svæðið
- Gerð viðburðadagskrár til vors
- Erasmus ungmennaskipti. Búið er að klára það sem þurfti til að fá styrkinn greiddan.
- Málningarvinna í Ozon, veggir málaðir.
- Heimsókn franska ríkissjónvarpsins í Ozon
- Ozon fór á Landsmót Samfés á Hvolsvelli í febrúar.
- Ozon fór á SamVest í Borgarnesi í mars.
- Ozon fór á Samfestingurinn í Reykjavík í apríl.

Verkefni á frumstigi:

Verkefni í vinnslu:

- Skóladagatöl 2022-2023
- Starfsáætlun skóla 2022-2023
- Deildarnámskrá 2022-2023
- Mat á starfsáætlun 2021-2022
- Gagnaöflun innra matskýrslu.
- Skóla- og foreldraráðsfundur. Skipulag og starfsáætlun.
- Starfsmannaviðtöl
- Valgreinaskólinn samstarfsverkefni
- Stytting vinnuvikunnar - grunnskólakennarar

Verkefni á ársvísu:

- Heimasíða skólanna.
- Mentor – Innleiðing
- Leiðsagnarnám og námsmat.
- LærVest – lærdómssamfélag sex skóla á Vestfjörðum.
- Innra mat, gagnaöflun. Skýrsla í júní.
- Umbótaáætlun í kjölfar úttektar MMS. Skýrsla í júní.

Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Áhaldahús/höfn/sorpsamlag

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: mars-apríl 2022

1. Verkefni í undirbúningi:

- Ýmis verkefni við undirbúning þ.e. sumarverkefni.
- Skoðað vegna skýrslu um eldvarnareftirlit í grunnskólanum
- Gerð svæðisáætlunar vegna nýrra laga um sorpmál sem taka gildi 1. Janúar 2023
- Setja niður nýjan löndunarkrana á höfnina.

2. Verkefni í vinnslu:

- Skönnun teikninga sem til eru hjá sveitarfélaginu og flokka þær
- Þekja á bryggju búið að steypa en rafmagn eftir og smá frágangur(útboð)
- Unnið hefur verið í sorpsamlaginu við ýmis verk, höfum tekið alfarið við sorpsamlaginu eftir að starfsmaður þess hætti.

3. Verkefnum lokið

- Ath brunakerfi hjá stofnunum sveitarfélagsins (símalínur eru að detta út)
- Sett tetra stöð í Man slökkvibífið

4. Annað:

Önnur föst verkefni fyrir deildir sveitarfélagsins tekið rusl farið með pakka, farið með mat, fylgst með vatnsnotkun og dælum vatnsveitu, grafið vegna vatns og fráveitu vigtað úr bátum og skipi tekið á mót skipum með salt og áburð. Eins eru mörg önnur smáverk. Höfum tekið alfarið við Sorpsamlaginu a.m.k. tímabundið.